



Fundargerð

Fundur í stjórn dvalarheimilisins Barmahlíðar, fyrsti fundur nýrrar stjórnar, þriðjudaginn 9. september 2014 kl. 14.

Fundarstaður: Hjúkrunar- og dvalarheimilið Barmahlíð.

Mætt eru Áslaug Berta Guttormsdóttir, Karl Kristjánsson og Sandra Rún Björnsdóttir. Einnig sátu fundinn Þuríður Stefánsdóttir hjúkrunarforstjóri og Ingibjörg B. Erlingdóttir sveitarstjóri sem ritaði fundargerð.

Dagskrá:

Mál til afgreiðslu

1. 1403005 – Kosning formanns og varaformanns.

Áslaug Berta Guttormsdóttir kjörin formaður nefndarinnar og Karl Kristjánsson varaformaður. Samþykkt samhljóða.

2. 1409004 – Málefni Barmahlíðar.

Skýrsla hjúkrunarforstjóra.

Hjúkrunarforstjóri lagði fram minnispunkta til umræðu.

- *Bjöllukerfi: Uppsetning á nýju bjöllukerfi fyrir heimilið er langt komin og verður kerfið tekið í notkun innan fárra daga.*
- *Húsnæði Barmahlíðar: Viðgerð á norðurstafni Barmahlíðar er orðin afar brýnt verkefni. Nefndin mun skoða það mál í tengslum við áætlunargerð fyrir árið 2015.*
- *Reykingaaðstaða vistfólks: Rætt var um reykingaaðstöðu fyrir heimilið, reyskilyli við vesturgöfl hússins.*
- *Baðaðstaða: Málefnið rætt.*
- *Umhverfi Barmahlíðar: Rætt var um það að útbúa þurfi skipulag í kringum Barmahlíð og gera áætlun um framkvæmd þess.*
- *Stefna heimilisins: Rætt var um stefnu fyrir heimilið, hvert vill sveitarfélagið stefna, hugmynd um könnun á meðal starfsfólks.*
- *Starfsmannamál: Rætt um vöntun á starfsfólki, mikið álag sem hefur aukist.*

3. 1409003 – Ráðning hjúkrunarforstjóra.

Samantekt frá Capacent Ráðningum.

Fyrir nefndinni liggur umsókn Helgu Garðarsdóttur um starf hjúkrunarforstjóra og samantekt Capacent sem hefur haft umsjón með ráðningarferlinu. Nefndin mun óska eftir Helgu í viðtal sem fyrst.

Önnur mál (ef einhver), löglega upp borin.

Farið yfir fundargerð, fundi slitið kl. 15.45.
